

Fundur haldinn í Héraðsnefnd Austur-Húnavetninga mánudaginn, 8. maí 2006, kl. 13:30 í Hótel Dagsbrún á Skagaströnd.

Mættir: Ágúst Þór Bragason, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Jón. B. Bjarnason, Jóhanna Pálmadóttir, Jóhanna G. Jónasdóttir, Ólöf Birna Björnsdóttir, Magnús B. Jónsson, Rafn Sigurbjörnsson, Sigurður Jóhannesson, Tryggvi Jónsson, Valgarður Hilmarsson og Valdimar Guðmannsson.

Valgarður Hilmarsson, oddviti og framkvæmdastjóri Héraðsnefndar setti fundinn og stjórnaði honum. Tilnefndi hann Magnús B. Jónsson sem fundarritara og samþykkti fundurinn það.

Dagskrá:

- 1. Almannaðarnir – skipulag**
- 2. Atvinnumál**
- 3. Ársreikningur 2005**
- 4. Samgöngumál**
- 5. Önnur mál.**

Afgreiðslur:

1. Almannaðarnir

Bjarni Stefánsson, sýslumaður mætti á fundinn og lagði fram tillögu að almannaðarnaskipulagi byggt á lögum um almannaðarnir. Í þeim gögnum sem sýslumaður kynnti voru skipulag fyrir almannaðarnir í Húnavatnssýslum, skilgreining almannaðarnanefnda, aðgerðastjórnar og vettvangsstjórna einnig kynnti hann samkomulag um skipan sameiginlegrar almannaðarnanefndar og aðgerðastjórnar Húnavatnssýslna. Aðilar að samkomulagi um skipulagið eru sýslumannsembættið, ríkislögreglustjóri og sveitarfélög á svæðinu. Umræður urðu um skipulagið og kom m.a. fram að fulltrúar í héraðsnefnd líta svo á að héraðsnefndinni hafi verið falið að standa að almannaðarnaskipulaginu fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna. Fyrirliggjandi skipulag var samþykkt og héraðsráði falið að undirrita samkomulag um almannaðarnaskipulagið.

Valgarður Hilmarsson var kosinn fulltrúi í almannaðarnanefnd og Magnús B. Jónsson til vara.

2. Atvinnumál.

Valgarður greindi frá því að nú lægi fyrir skýrsla um iðnaðarlóðir á svæðinu milli Blönduóss og Skagastrandar. Skýrslan var unnin af Baldur Valgeirssyni, skv. ákvörðun Héraðsnefndar 13. júní 2005 og í samráði við sérstaka nefnd sem var falið að fjalla um möguleika á að koma upp iðjuveri á svæðinu. Gerð skýrslunnar var metið sem hluti af og innlegg í umræðu um staðarval fyrir stjórnun. Í skýrslunni er fjallað um staðhætti og möguleika til nýtingar landssvæðisins frá Syðri Ey að Hafurstöðum sem iðnaðarlóðar. Í tengslum við gerð skýrslunnar var gerð skoðanakönnun af IMG Gallup þar sem kannað var viðhorf íbúa í Húnavatnssýslum til mögulegrar stjórnun í héraðinu. Niðurstöður könnunarinnar var hluti skýrslunnar.

3. Ársreikningur 2006.

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning héraðsnefndar. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A-hluta starfsemi héraðssjóðs og samstæðureikning A og B hluta. Heildartekjur samstæðunnar er 121.676 þús, rekstrargjöld námum 117.793 þús. og fjármunagjöld voru 3.337 þús.

Reikningarnir voru síðan bornir undir atkvæði og samþykktir

4. Samgöngumál.

Valgarður fór yfir þau samgöngumál sem hafa verið helst til umfjöllunar í héraðinu. Benti hann m.a. á umræðu um styttingu þjóðvegur nr. 1, ýmsar vegabætur innan héraðs, styttingu vegar til Akureyrar með jarðgöngum í Hjaltadal. Umræður urðu um samgöngumál almennt. Til máls tóku auk framkvæmdastjóra Tryggvi Jónsson, Magnús B. Jónsson og Rafn Sigurbjörnsson,

Svohljóðandi tillögur að áskorunum voru bornar upp og samþykktar samhljóða

Héraðsnefnd skorar á samgönguráðherra að beita sér fyrir því að þjóðvegur nr. 1 um Húnavatnssýslur verði breikkaður í 10 metra(vegflokk B2). Héraðsnefnd bendir á að með auknum umferðarþunga á þjóðvegum landsins hefur þörf fyrir breiðari og betri vegi farið ört vaxandi. Hin mikla þungaumferð stórra flutningabíla hefur görbreytt öllum forsendum fyrir uppbyggingu þjóðvegur nr. 1 og gert alla umferð um hann hættulegri. Héraðsnefnd telur það því eitt af stórverkefnum í vegamálum að breikka þjóðveginn og forgangsmál að setja það verkefni inn á samgönguáætlun 2007-2010.

Héraðsnefnd skorar á samgönguráðherra að stórauка fjárveitingar til safn- og tengivega í Austur Húnavatnssýslu. Á undanförunum árum hafa safn- og tengivegir orðið mjög á eftir í uppbyggingu og í mörgum tilfellum þola þeir engan veginn þá umferð sem þeim er ætlað. Uppbygging þeirra og lagning bundins slitlags er því mjög brýnt verkefni sem stórauка þarf fjárframlög til. Héraðsnefnd skorar því á samgönguráðherra að beita sér fyrir auknum fjárframlögum til safn- og tengivega við gerð samgönguáætlunar 2007-2010.

5. Önnur mál.

Jón B. Bjarnason og Jóhanna G. Jónasdóttir kvöddu sér hljóðs og þökkuðu langt og gott samstarf innan héraðsnefndar. Þau hafa bæði ákveðið að hverfa af vettvangi sveitarstjórnamála um sinn og munu því ekki starfa í héraðsnefnd næsta kjörtímabil.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:35.

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Magnús B. Jónsson (sign.)